

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
mánudagurinn 18. nóvember 2024, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP), Olgeir Olgeirsson (OO), Ingólfur Elíasson (IE), Arnar Sveinsson (AS), Sigrún Agata (SA), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var því fundargerðin frá 23. Október borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Fjármál – Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að á nýsamþykktum fjárlögum væri viðbótar fjármagn til afreksmála íþróttahreyfingarinnar, 637 milljónir. Óvís er á þessari stundu hvað af þessu fjármagni mun falla til ÍHÍ. En þó er ljóst að búið er að eyrnamerkja þetta fjármagn að einhverju leiti. Þannig hefur komið fram að styrkja eigi rekstrargrundvöll sérsambanda ÍSÍ, fjármagn eigi að koma til þess að lækka hlut foreldra í afreks og landsliðsstarfi ungmenna. Setja eigi í gang Afreksmiðstöð Íslands sem verði þjónustu miðstöð fyrir öll sérsambönd og koma í gang launasjóði íþróttafólks og þjálfara. Svo fátt eitt sé nefnt. Enn er þó með öllu óljóst með hvaða hætti þessu fjármagni verður skipt og úthlutað.

Formaður lagði fram erindi frá Bergi Jónssyni þar sem hann óskar eftir að víkja sæti í aðalstjórn ÍHÍ vegna starfs sem hann var að taka við hjá lögreglunni á norðurlandi eystra. En þar er til rannsóknar ákæra sem beinist að leikmanni í Topp deild karla og meðan sú rannsókn er í gangi óskar Bergur eftir því að varamaður taki sæti. Fyrsti varamaður samkvæmt þinggerð síðasta íshokkíþings er Ingólfur Tryggvi Elíasson og tekur hann því sæti Bergs ótímabundið.

Rædd var staða þeirra mála sem SR skaut til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ en beðið er niðurstöðu.

Skautafélag Reykjavíkur sendi bréf til stjórnar ÍHÍ og aganefndar vegna atviks í leik á Akureyri þar sem koma fram ásakanir gegn einum leikmanni úr liði SA. Rætt var hvort stjórnin ætti að vísa þessu máli til aganefndar samvæmt þeim heimildum sem stjórnin hefur samkvæmt 19. grein reglugerðar númer 8 um aganefnd. Eftir nokkrar umræður um málið var ákveðið að greiða um þetta atkvæði. HP sagði Nei, OO sagði Já, HL sagði Já, GIP sagði já, IE sagði nei. Þrjú já og tvö nei. Framkvæmdastjóri var falið að skrifa erindi til aganefndar og setja þetta mál í farveg samkvæmt 19. grein reglugerðar númer 8.

Rædd voru landsliðsverkefni framundan bæði undankeppni Ólympíuleika hjá konum og önnur HM verkefni næsta árs.

AS óskaði eftir því að fá umræðu um aganefnd á dagskrá.

GÍÐ vildi koma á framfæri þakklæti og vitneskju um þau ótrúlega fallegu viðbrögð sem íshökkí fjölskyldan hefur sýnt henni og fjölskyldu hennar í þeim veikindum sem dunið hafa yfir barnið hennar. Ljóst að undir hrjúfu yfirborði er stórt hjarta.

Fleira ekki rætt of fundi slitið.